

Bekkjarnámskrá Enska –10. bekkur
Skólaárið 2025 - 2026



Kennari: Sigita Andrijauskiene

Tímafjöldi: 4 kennslustundir á viku

Markmið

Megintilgangur tungumálanáms er að nemendur öðlist alhliða hæfni til að nota tungumálið sem lifandi verkfæri í fjölbreyttum tilgangi og við ólíkar aðstæður. Námið á að leiða til þess að nemendur öðlist hæfni til að tileinka sér inntak í töluðu og rituðu máli af ólíkum toga og hæfni til að meta og hagnýta sér þá þekkingu sem aflað er. Þeir eiga að fá tækifæri til að tengja inntak námsins eigin reynslu, aðstæðum og áhugamálum. Í tungumálanámi eiga nemendur að öðlast leikni í að beita málinu hnökralítið í frásögnum og samskiptum, þannig að það hæfi tilgangi, aðstæðum og viðtakanda hverju sinni. Námið á að veita nemendum tækifæri til að nota málið á skapandi hátt í ræðu og riti.

Námsefni

Spotlight 10 lesbók og vinnubók

Verkefnahefti í enskri stafsetningu og ritun

Borðspilið SCRABBLE og fleiri námsleikir (t.d. TABOO, Scattergories og Baamboozle)

Lestrarbækur ásamt verkefnum og fleiri kjörbækur undir handleiðslu kennara

Kvikmyndir og tónlist

Ýmis verkefni af netinu og ljósrit frá kennara

Annað efni (dagblöð, tímarit og efni á netmiðlum)

Kennsluaðferðir

Leiðsagnarnám

Lausnarleitarnám Rökræður Innlögn kennara Samvinnunám Tjáning Umræður Einstaklingsvinna Para- og hópavinna
Námsmat Einstaklings- og hópaverkefni Ritun Hlustunarpróf Málfræðipróf Skrifleg próf Lesskilningspróf
Hæfniviðmið – námsþættir Hlustun og áhorf • Getur skilið aðalatriði úr kynningum og frásögnum um margvísleg málefni, unnið úr þeim eða nýtt sér á annan hátt. • Getur fylgst með fjölbreyttu efni í fjöl- og myndmiðlum, unnið úr því eða nýtt sér á annan hátt. • Getur hlustað eftir upplýsingum, valið þær sem eiga við hverju sinni og unnið úr þeim. Lestur og lesskilningur

- Getur aflað sér upplýsinga úr texta, greint aðalatriði frá aukaatriðum, gert sér grein fyrir helstu niðurstöðum og nýtt sér í verkefnavinnu.
- Getur lesið sér til gagns, ánægju og þroska smásögur og skáldsögur ætlaðar ungu fólki og myndað sér skoðanir á efni þeirra og lesið og tileinkað sér efni sem tengist öðrum námsgreinum og hugtök sem tengjast þeim og nýtt í nýju samhengi.
- Getur lesið sér til gagns og ánægju fjölbreyttar bókmenntir við hæfi, unnið með efni þeirra og gert sér grein fyrir gildi bókmennta,
- Getur lesið, skilið og unnið með efni og hugtök tengt öðrum námsgreinum.
- Getur lesið, skilið og unnið með fjölbreyttan orðaforða úr ýmsum textum.

Samskipti

- Getur tekið þátt í óformlegu samtali með því að umorða og nota föst orða-sambönd úr daglegu máli.
- Getur tekist á við margs konar aðstæður í almennum samskiptum, miðlað og tekið á móti upplýsingum.
- Getur tekið þátt í samræðum um kunnugleg málefni og látið skoðun sína í ljós.

Frásögn

- Getur tjáð sig skipulega um efni sem hann þekkir eða hefur unnið með í námi sínu og brugðist við spurningum.
- Getur flutt frásögn eða kynningu um undirbúið efni af öryggi og svarað spurningum.
- Getur samið, æft og flutt eigið efni, einn eða í félagi við aðra.
- Getur beitt málinu með eðlilegum framburði, áherslum og hrynjandi.

Ritun

- Getur skrifað lipran, samfelldan texta af ólíkum gerðum í samræmi við inntak og tilgang með skrifunum.
- Getur sýnt góð tök á orðaforða, meginreglum málnotkunar og notað tengiorð við hæfi.
- Getur skrifað skilmerkilega um efni sem hann hefur lesið, séð eða heyrt.

- Getur skrifað um skoðanir sínar, tilfinningar, reynslu og þekkingu með fjölbreyttum orðaforða.
- Getur samið texta og leikið sér með málið þar sem sköpunargáfan og ímyndunaraflið fá að njóta sín.

Menningarläsi

- Getur sýnt að hann þekkir til samfélagsgerðar, menningar og einkenna þjóðfélagsins.
- Getur gert sér grein fyrir fjölbreyttum uppruna íbúa á viðkomandi málsvæði og áhrifum fordóma.
- Getur greint á milli helstu afbrigði tungumálsins.

Bekkjarnámskrá Íslenska – 10. bekkur Skólaárið 2025-2026



Kennari: Friðgerður R. Auðunsdóttir,
Tímafjöldi: 6 kennslustundir á viku

Markmið

Traust kunnátta í móðurmáli er meginundirstaða staðgóðrar menntunar. Jafnframt er lestur öflugt tæki nemenda til að afla sér þekkingar og tjáning í ræðu og riti ein af forsendum þátttöku í samfélaginu. Mál og bókmenntir eru menningararfur þjóðarinnar sem ber að rækta, virða, njóta og þróa. Sá arfur á eflaust drjúgan þátt í stöðu læsis þjóðarinnar og hve sjálfsagt það þykir að læra að lesa, skrifa og beita máli svo skiljist. Kennslan hefur einnig það hlutverk að efla tjáningu og sköpun í töluðu máli og rituðu, nota málið og kynnast mætti þess. Við lok grunnskóla á nemandi að geta gert sér grein fyrir stöðu sinni og ábyrgð sem málnotanda. Hann á að átta sig á því að þegar skóla sleppir er það á hans ábyrgð að rækta og nýta málið sem tæki til náms, samskipta og þátttöku í lýðræðissamfélagi. Það er réttur hvers manns að öðlast þekkingu og færni í máli.

Námsefni

Logar – Texta- og verkefnabók í íslensku

„Mér er í mun ...“ bókmenntir fyrir efri bekki grunnskóla

Gísla saga Súrssonar – fornsaga

Eyland

Skerpa

Stoðkennarinn

Frjálslestrarbækur

Lesskilningsverkefni

Stafsetning, ritreglur og æfingar Handbækur Ítarefni.
Kennsluaðferðir Farið verður jafnt og þétt í gegnum kennslubókina Loga en þar er farið í bókmenntastefnur og hina ýmsu texta sem þeim tengjast, eins verður unnið með hugtök í bókmenntum, lestur og læsi, málfræði, myndasögur, fornsögur, kvikmyndir og leikrit. Ítarefni tengist aðallega málfræði, en einnig verður bókin „Mér er í mun ...“ tekin fyrir og þeir ólíku textar sem innan hennar birtast. Það eru m.a. ljóð, smásögur, skáldverk o.fl. Fornsaga annarinnar er Gísla saga Súrssonar og tvær kjörbækur verða á dagskrá: Eyland og Sterk. Jafnframt verða nemendur með 2-4 frjálslestrarbækur í umferð en upp úr þeim skrifa þeir daglega dagbókarfærslur og ritun í lok hverrar þeirra
Námsmat Samkvæmt hæfniviðmiðum aðalnámskrár – þátttaka í tímum, hópavinna, ritgerðir, ritanir, dagbókarfærslur f. heimalestur, heimalestur, próf, flutningur texta (kraftbendilskynningar), áhorf, gerð slangurorðabókar, markviss orðaforðavinna, unnið með málshætti á ýmsa vegu (s.s. í gegnum ritanir, þeir verða jafnframt leiknir og teiknaðir þar sem nemendur giska á viðeigandi málshátt). Greining ljóða og ljóðagerð, myndbandagerð og eða önnur listræn verkefni.
Hæfniviðmið - námsþættir
Talað mál, hlustun og áhorf • Getur flutt mál sitt skýrt og áheyrilega með við-eigandi talhraða, tónfalli, áherslum og fasi. • Getur miðlað þekkingu sinni og reynslu, tjáð hugmyndir sínar og skoðanir og fært rök fyrir þeim með fjölbreyttum leiðum. • Getur horft á, hlustað og tekið eftir upplýsingum í fjölbreyttu efni og greint og miðlað innihaldi þess á gagnrýninn hátt. • Getur nýtt sér fjölbreytta hljóð- og myndmiðla til upplýsingar og afþreyingar og tekið afstöðu til þess sem þar er birt. Lestur og lesskilningur

- Getur lesið fjölbreytta texta af öryggi, í góðu flæði og í viðeigandi hendingum og með tjáningu í samræmi við aðstæður hverju sinni.
- Getur valið og beitt fjölbreyttum lestraraðferðum sem hæfa tilgangi og viðfangsefni hverju sinni.
- Getur beitt ríkulegum orðaforða, fyrri þekkingu og reynslu til að mynda samhengi og skilning í lestri og notað fjölbreyttar aðferðir til að efla orðaforða sinn.
- Getur skilið og fjallað um fjölbreytta texta, greint þá og borið saman á margvíslegan hátt og lagt rökstutt og gagnrýnið mat á inntak þeirra og eiginleika.
- Getur valið og lesið sér til gagns og ánægju fjölbreytta texta, unnið með efni þeirra á fjölbreyttan hátt og miðlað til annarra.

Bókmenntir

- Getur lesið, túlkað, metið og fjallað um fjölbreyttar íslenskar og erlendar bókmenntir.
- Getur beitt algengum hugtökum í bókmenntafræði við greiningu og umfjöllun um fjölbreyttar bókmenntir frá ýmsum tímum.
- Getur lesið og skilið texta frá fyrri tímum, áttað sig á því að þeir mótist af sögulegu samhengi og borið saman við eigin samtíð.
- Getur notað algeng bókmennta-hugtök í umfjöllun um bundið mál og óbundið og lesið og túlkað fjölbreytt ljóð frá ýmsum tímum.

Ritun

- Getur haft vald á ólíkum leiðum til að miðla rituðu máli og getur valið þá leið sem hentar tilgangi og lesendum.
- Getur skrifað texta þar sem efnisatriðum er skipað í röklegt samhengi, góður þráður er á milli efnisgreina og kaflaskipting er skýr.
- Getur beitt ríkulegu tungutaki, fjölbreyttum orðaforða og málsniði í texta eftir því hver tilgangur skrifanna er, fyrir hvaða viðtak-endur er skrifað og hvaða birtingarform er valið.

- Getur samið fjölbreyttan texta til að tjá hugmyndir, skoðanir, reynslu og sköpunarkraft, metið og endurbætt með hliðsjón af gagnrýni og hjálpargögnum.
- Getur beitt helstu atriðum stafsetningar og greinarmerkjasetningar og notað til þess reglur um réttritun og önnur hjálpartæki.

Mál og málnotkun

- Getur beitt málfræðipækkingu sinni í umræðu um tungumálið, þróun og einkenni þess og nýtt hana í eigin málnotkun.
 - Getur áttað sig á fjölbreyttum tilbrigðum í orðaforða og málnotkun og beitt mismunandi málsniði eftir efni og tilefni í ræðu og riti.
 - Getur áttað sig á og beitt sköpunarmætti tungumálsins og nýtt það m.a. við ritun, tal, nýyrðasmíð, í orðaleikjum og skáldskap.
 - Getur áttað sig á beygingarlegum og merkingarlegum einkennum orðflokka og gert sér grein fyrir hlutverki þeirra í eigin texta og annarra.
 - Getur beitt fleygum orðum, algengum orðtökum, málsháttum og föstum orðasamböndum í máli sínu.
- Getur nýtt fjölbreytt hjálpartæki til að afla sér upplýsinga um tungumálið og styðja við notkun þess.

Bekkjarnámskrá Stærðfræði – 10. bekkur
Skólaárið 2025-2026



Kennari: Ólöf Ögn Ólafsdóttir

Tímafjöldi: 6 kennslustundir á viku

Markmið

Megintilgangur náms í stærðfræði er að nemendur öðlist alhliða hæfni til að nota stærðfræði sem lifandi verkfæri í fjölbreyttum tilgangi og við ólíkar aðstæður. Í stærðfræðinámi þurfa nemendur að þróa með sér hæfni til að setja fram og leysa viðfangsefni, ígrunda ólíkar aðferðir og líkön sem nýtast við lausnir þeirra og leggja mat á niðurstöður.

Námsefni

Skali 3A og 3B, bæði nemendabók sem og æfingahefti. Almenn stærðfræði III. Fyrstu skrefin í fjármálum

Kennsluaðferðir

Innlögn kennara,

Æfingatímar,

Einstaklingsvinna,

Para- og hópavinna,

Próf og verkefni.

Dæmaskammtar

Sjálfspróf

Námsmat

Verkefni, einstaklings og hópa, dæmaskammtar, skriflegt próf.

Hæfniviðmið - námsþættir

Vinnulag stærðfræðinnar

- Getur valið og nýtt ólík hjálpargögn og verkfæri til stærðfræðilegrar iðkunar, þ.m.t. tölvutækni og gervigreind.
- Getur tjáð sig og spurt spurninga um stærðfræðileg viðfangsefni, útskýrt og rökstutt lausnir sínar fyrir öðrum.
- Getur notað hugtök og táknmál stærðfræðinnar til að setja fram, tákna og leysa hversdagsleg og fræðileg verkefni.
- Getur þróað, útskýrt og rökstutt hentugar aðferðir sem byggja á eigin skilningi við reikning með ræðum tölum.
- Getur sett fram, túlkað og metið einföld stærðfræðileg rök og sannanir.
- Getur nýtt fjölbreyttar reikniaðgerðir og stærðfræðilegt samhengi til að leysa þrautir og rökstutt svör sín.
- Getur unnið skipulega, einn og í samvinnu, að því að rannsaka, setja fram, greina, túlka og meta stærðfræðileg viðfangsefni og líkön.
- Getur undirbúið og flutt kynningar og skrifað texta um eigin vinnu með stærðfræði.
- Getur rannsakað stærðfræðilega eiginleika og samhengi með því að nota forritun.

Tölur og reikningur

- Getur útskýrt eiginleika í talnamengjum náttúrulegra talna, heilla talna, ræðra talna og rauntalna.
- Getur nýtt sér námundun með viðeigandi nákvæmni í útreikningum.
- Getur notað tugakerfisrithátt og sýnt skilning á sætiskerfi við ritun staðalforms tölu.
- Getur reiknað með rauntölum og nýtt sér tengsl og samhengi reikniaðgerðanna við útreikninga.
- Getur skýrt sambandið milli almennra brota, tugabrota og prósentu og beitt þeim við rauntengd viðfangsefni.
- Getur nýtt sér samhengi og tengsl reikniaðgerðanna og þekkingu sína í talnafræði við útreikninga.
- Getur reiknað með veldum og ferningsrótum í einföldum tilvikum.

- Getur nýtt helstu hugtök fjármála, í tengslum við eigin fjármál, launagreiðslur, skatta og fjárfestingar og nýtt við útreikninga og úrlausnir verkefna daglegs lífs.

Algebra

- Getur unnið með talnarunur og mynstur á skipulegan hátt og lýst þeim með táknmáli algebrunnar.
- Getur túlkað gröf beinna lína í hnitakerfi í rauntengdu samhengi, teiknað þau á blaði og stafrænt og notað teikningarnar til að leysa jöfnur.
- Getur unnið með fallahugtakið á mismunandi formi og við mismunandi aðstæður, bæði á blaði og með stafrænum verkfærum,
- Getur einfaldað algebrustæður og leyst jöfnur með einni óþekktri stærð.
- Getur sett fram jöfnur og ójöfnur út frá gefnum forsendum og túlkað merkingu lausnar sinnar við raunverulegt samhengi.
- Getur leyst saman jöfnur með fleiri en einni óþekktri stærð.
- Getur fundið skurðpunkta við ása og útskýrt tengsl við þáttun og staðalform fyrir fyrsta og annars stigs margliður.

Tölfræði og líkindi

- Getur notað tölfræðihugtök til að setja fram, lýsa, skýra og túlka gögn.
- Getur skipulagt og framkvæmt tölfræðikannanir og dregið ályktanir af þeim.
- Getur lesið, skilið og lagt mat á tölfræðilegar upplýsingar sem settar eru fram opinberlega.
- Getur framkvæmt tilraunir þar sem líkur og tilviljanir koma við sögu og túlkað niðurstöður sínar.
- Getur notað hugtök í líkindareikningi, eins og skilyrtar líkur, óháða atburði og notað einfaldar talningar til að reikna og túlka líkur á atburðum.

Rúmfræði og mælingar

- Getur notað hugtök og aðferðir rúmfræðinnar til að lýsa eiginleikum fræðilegra fyrirbrigða.
- Getur nýtt rúmfræðiforrit til að gera teikningar, rannsaka rúmfræðilega eiginleika og setja fram rök.
- Getur teiknað skýringarmyndir og unnið með teikningar annarra út frá gefnum forsendum, t.d. um mælikvarða, einslögun og hlutföll, rannsakað og lýst sambandi milli teikningar og hlutar.
- Getur útskýrt tengsl mælieininga metrakerfis og túlkað miðað við önnur kerfi.
- Getur beitt þekktum eiginleikum lína, þríhyrninga og annarra marghyrninga til að reikna hliðarlengdir og horn, reiknað og útskýrt tengsl milli grundvallareiginleika hrings, útskýrt og beitt reglu Pýþagórasar.
- Getur mælt stærðir á þrívíðum formum, áætlað og reiknað rúmmál og yfirborðsflatarmál og skilið tengsl við tvívíð form, samhverfu og snúningsmiðju.

Bekkjarnámskrá Danska – 10. bekkur

Skólaárið 2025-2026



Kennari: Jón Berg Reynisson

Tímafjöldi: 3 kennslustundir á viku

Markmið

„Megintilgangur tungumálanáms er að nemendur öðlist alhliða hæfni til að nota tungumálið sem lifandi verkfæri í fjölbreyttum tilgangi og við ólíkar aðstæður. Námið á að leiða til þess að nemendur öðlist hæfni til að tileinka sér inntak í töluðu og rituðu máli af ólíkum toga og hæfni til að meta og hagnýta sér þá þekkingu sem aflað er. Þeir eiga að fá tækifæri til að tengja inntak námsins eigin reynslu, aðstæðum og áhugamálum. Í tungumálanámi eiga nemendur að öðlast leikni í að beita málinu hnökralítið í frásögnum og samskiptum, þannig að það hæfi tilgangi, aðstæðum og viðtakanda hverju sinni. Námið á að veita nemendum tækifæri til að nota málið á skapandi hátt í ræðu og riti.“ (*Aðalnámskrá grunnskóla 2013, bls.124*).

Námsefni

Ekko - nemendabók auk vinnubókar.

Málfræði verkefni (tekin úr mismunandi áttum)

Orðabækur.

Margmiðlunarefni (Þættir, kvikmyndir og annað)

Aukaefni frá kennara (Mikil áhersla lögð á sagnir, lýsingarorð og nafnorð)

Kennsluaðferðir

Innlagnir frá kennara, Nemenda- og vinnubækur auk gagnvirkra æfinga.

Umræður, glósur (frjálst val nemenda með glósu tungumál) og valið upplestrarefni.

Hlustunaræfingar og munnlegt mat.

Einstaklings-, para- og hópaverkefni í raunskilum auk skila gegnum Teams.

Kennsla fer fram á bæði íslensku, ensku og dönsku.

Námsmat

Leiðsagnarmat á meðan námi stendur þar sem kennari veitir nemendum endurgjöf sem vísar veginn, ýtir undir trú nemandans á eigin getu og sjálfstrausts í námi. Leiðsagnarmat byggist á samræðum milli kennara og nemenda um árangur, framvindu og markmið og krefst því virkrar þátttöku nemenda. Með leiðsagnarmatinu læra nemendur að taka ábyrgð á eigin námi og hvernig þeir bregðast við endurgjöf. Undir námsmatið flokkast m.a. kannanir, verkefnavinna, sjálfsmat, jafningjamat, umræður og fleira.

Hæfniviðmið - Við lok 3. Stigs

Hlustun og áhorf

- Getur skilið aðalatriði úr kynningum og frásögnum um margvísleg málefni, unnið úr þeim eða nýtt sér á annan hátt.
- Getur fylgst með fjölbreyttu efni í fjöl- og myndmiðlum, unnið úr því eða nýtt sér á annan hátt.
- Getur hlustað eftir upplýsingum, valið þær sem eiga við hverju sinni og unnið úr þeim.

Lestur og lesskilningur

- Getur aflað sér upplýsinga úr texta, greint aðalatriði frá aukaatriðum og nýtt sér í verkefnavinnu.
- Getur lesið sér til fróðleiks rauntexa af fjölbreyttum miðlum, brugðist við efni þeirra eða unnið úr þeim á annan hátt.
- Getur lesið sér til gagns og ánægju fjölbreyttar bókmenntir við hæfi, unnið með efni þeirra og gert sér grein fyrir gildi bókmennta.
- Getur lesið, skilið og unnið með efni og hugtök tengt öðrum námsgreinum.
- Getur lesið, skilið og unnið með fjölbreyttan orðaforða úr ýmsum textum.

Samskipti

- Getur tekið þátt í óformlegu samtali með því að umorða og nota föst orðasambönd úr daglegu máli.

- Getur tekist á við margs konar aðstæður í almennum samskiptum, miðlað og tekið á móti upplýsingum.
- Getur tekið þátt í samræðum um kunnugleg málefni og látið skoðun sína í ljós.

Frásögn

- Getur sig skipulega um efni sem hann þekkir eða hefur unnið með í námi sínu og brugðist við spurningum.
- Getur flutt frásögn eða kynningu um undirbúið efni af öryggi og svarað spurningum.
- Getur samið, æft og flutt eigið efni, einn eða í félagi við aðra.
- Getur beitt málinu með eðlilegum framburði, áherslum og hrynjandi.

Ritun

- Getur skrifað lipran, samfelldan texta af ólíkum gerðum í samræmi við inntak og tilgang með skrifunum.
- Getur sýnt góð tök á orðaforða, meginreglum málnotkunar og notað tengiorð við hæfi.
- Getur skrifað skilmerkilega um efni sem hann hefur lesið, séð eða heyrt.
- Getur skrifað um skoðanir sínar, tilfinningar, reynslu og þekkingu með fjölbreyttum orðaforða.
- Getur samið texta og leikið sér með málið þar sem sköpunargáfan og ímyndunaraflið fá að njóta sín.

Menningarläsi

- Getur sýnt að hann þekkir til samfélagsgerðar, menningar og einkenna þjóðfélagsins.
- Getur gert sér grein fyrir fjölbreyttum uppruna íbúa á viðkomandi málsvæði og áhrifum fordóma.
- Getur greint á milli helstu afbrigði tungumálsins.

Bekkjarnámskrá Náttúrugreinar – 10. bekkur

Skólaárið 2025-2026



Kennari: Heiðrún Þórðardóttir

Tímafjöldi: 3 kennslustundir á viku

Markmið

Menntagildi og megintilgangur náttúrugreina: Hæfni í náttúrugreinum felst í þekkingu og leikni en einnig í viðhorfi til náttúru, tækni, samfélags og umhverfis. Nám í náttúruvísindum á að stuðla að þekkingu, virðingu, ábyrgð og einstakri upplifun nemenda gagnvart náttúru, tækni, samfélagi og umhverfi. Þannig öðlast þeir þá hæfni sem til þarf til að taka skynsamlegar ákvarðanir í málefnum er varða tengsl fólks og náttúru. Námið fléttar saman efnisþætti náttúrugreina og viðmið sem varða eflingu ábyrgðar á umhverfinu, vinnubrögð og gildi náttúrugreina, nýsköpun og hagnýtingu þekkingar og getu til aðgerða.

Nemendur þurfa að fá tækifæri til að veita umhverfi sínu gaum, bera umhyggju fyrir því og læra að greina aðstæður hverju sinni.

Íslensk náttúra og sérstaða hennar felur í sér margbreytileg námstækifæri fyrir nemendur.

Megintilgangur náms og kennslu á námssviðinu er að stuðla að því að nemendur átti sig á hvernig best er að beita þekkingu sinni og leikni til að hafa áhrif á umhverfi sitt og bæta það. Nemendur þurfa einnig að átta sig á að þekking verður ekki eingöngu byggð á beinum athugunum heldur líka á upplifun, ímyndunarafli, sköpun og samræðu og að vísindaleg þekking sé aldrei algild, endanleg eða óbyggjandi. Traustur skilningur á náttúruvísindum og hlutverki þeirra innan nútímasamfélags telst vera þekkingveigamikill þáttur í þroska og menntun barna og unglinga. Hann snýst um að viðhalda og efla forvitni og áhuga þeirra á sjálfum sér, umhverfi sínu og fyrirbærum náttúrunnar.

Námsefni

Um víða veröld – Jörðin

Maður og náttúra

Eðlisfræði 3

Ýmislegt um sjálfbærni og náttúruvernd, af netinu og frá kennara

Ýmist efni af netinu

Ýmis texti og verkefnablöð frá kennara

Ýmis myndbönd

Tæki, tól og efniviður fyrir tilraunir

Kennsluaðferðir

Útlistunarkennsla: innlögn kennara, fyrirlestrar, spurningar, umræður, sýnikennsla.

Þulunám og þjálfunaræfingar: vinnubókavinna, verkefnavinna, námsleikir og spil.

Verklegar æfingar: Tilraunir og skoðun.

Umræðu- og spurnaraðferðir: umræður, spurningar, rökræður, samskipti, skiptast á skoðunum.

Innlifunaraðferðir og tjáning: kynningar nemenda, frásagnir, upplestur.

Þrautalausnir: námstækni, úrvinnsla gagnvirks lesturs, samskipti, samvinna.

Leitaraðferðir: upplýsingaöflun, heimildarvinna, úrvinnsla gagna.

Hópvinnubrögð: hópavinna, paravinna, samvinna, verkaskipting, samskipti, vinnubrögð, upplýsingaöflun, skipulag.

Sjálfstæð skapandi viðfangsefni: einstaklingsvinna, sköpun, hugarflæði, hönnun, ferli, þróun.

Námsmat

Þátttaka og virkni í umræðum og tímum, ritgerð og kynning, verkefnamappa, hópaverkefni og smærri verkefni, verklegar æfingar, tilraunir, símat.

Hæfniviðmið - námsþættir

Vinnulag náttúruvísinda

- Getur beitt hugtökum og heitum í náttúruvísindum við fjölbreyttar aðstæður.
- Getur lesið þyngri náttúru-vísindatexta sér til gagns og ánægju og endursagt og rætt helstu atriði, lesið út úr myndritum og myndefni um náttúru-fræði, umorðað, túlkað og sett í margvíslegt samhengi.
- Getur framkvæmt, skráð og safnað upplýsingum út frá athugunum og mælingum úti og inni, samkvæmt fyrirmælum og á eigin vegum.
- Getur kynnt niðurstöður rannsókna, tekið þátt í gagnrýnum umræðum og metið gildi þess að vísindalegum upplýsingum sé miðlað á skýran hátt.
- Getur sett fram vísindalega tilgátu og beitt margvíslegum vísindalegum vinnubrögðum til að kanna hana í þekkingarleit og úrvinnslu verkefna.
- Getur skýrt muninn á staðreynd og skoðun, tilgátu og kenningu í tengslum við náttúruvísindi og sagt frá dæmum um vísindalega þekkingarsköpun.
- Getur tekið þátt í umræðu um hvernig náttúruvísindi bæði móta og mótast af tækni, menningu og heimsmynd mannsins.

Umhverfið

- Geturl ýst hringrás efna og orku, náttúrulegum ferlum og flæði orku í náttúrunni.
- Getur útskýrt þarfir lífvera og rætt á gagnrýninn hátt um þróun ólíkra vistkerfa.
- Getur útskýrt gildi líffræðilegrar fjölbreytni og tengsl við velferð manna, dýravernd, sjálfbæra þróun og vistkerfin.
- Getur fjallað um og tekið gagnrýna afstöðu til siðferðilegra þátta sem tengjast náttúruvernd.
- Getur útskýrt loftslag, vinda og hafstrauma jarðar.
- Getur útskýrt loftslags-breytingar, ástæður, afleiðingar og mótvægisáðgerðir.
- Getur gert grein fyrir verndun og nýtingu náttúruauðlinda í tengslum við sjálfbæra þróun, sjálfbæra nýtingu og rýnt í eigin neysluvenjur.

- Getur rætt á gagnrýninn hátt tengsl einstaklinga, nær-umhverfis og umhverfis-mála á heimsvísu.
- Getur skipulagt og tekið þátt í aðgerðum er varða náttúruvernd og umhverfismál í nærumhverfi og í alþjóðlegu samhengi.

Orkan

- Getur gert grein fyrir orku í mismunandi formum og tengt við varðveislu orkunnar.
- Getur lýst ólíkum leiðum við framleiðslu, dreifingu og nýtingu orku og lýst áhrifum á umhverfi og náttúru.
- Getur útskýrt mismunandi varmaflutning og samspil varma og hitastigs.

Bekkjarnámskrá Samfélagsgreinar – 10. bekkur

Skólaárið 2025-2026



Kennari: Ástþór Óðinn Ólafsson

Tímafjöldi: 6 kennslustundir á viku

Markmið

Megintilgangur náms og kennslu samfélagsgreina felst í að þroska hæfni nemenda til að skilja sjálfan sig og aðra, að eiga innihaldsrík samskipti við aðra, skilja og skynja veruleikann, umhverfið, samfélagið, söguna og menninguna. Nemendum er ætlað að öðlast hæfni í að mynda og þróa ný tengsl með því að virkja þá til þátttöku í samfélaginu, tileinka sér þau gildi og reglur sem þar ríkja og öðlast skilning á þeim hugmyndum og hugsjónum sem liggja til grundvallar viðhorfum okkar til umhverfis, auðlinda, menningar og sögu. Samfélagsgreinum er einnig ætlað að gera nemendum kleift að nálgast samfélagsleg og siðferðileg álitamál með ígrundun og samræðu þar sem afstaða þeirra mótast af rökum og virki hlustun á ólík sjónarmið. Kennsla í samfélagsgreinum þarf að miða að því að nemendur öðlist jákvætt viðhorf til og þrói með sér trú á mikilvægi þess að rækta eigin sjálfsmynd og félagsfærni. Nemendur láti sig málefni samfélagsins í fortíð, nútíð og framtíð varða og tileinki sér lýðræðisleg vinnubrögð, samræðu, rökræðu og hnattræna hugsun.

Nemendur þurfa að fá tækifæri til að fræðast um og taka á málefnum daglegs lífs, er snerta þá sjálfa og samfélagið, á upplýsandi og gagnrýninn hátt. Gera þarf nemendum kleift að nálgast samfélagsleg og siðferðileg álitamál með hjálp samtals og rökræðu. Kenna þarf að nemendum að iðka lýðræðisleg vinnubrögð og stuðla að því að þeir skilji hugmyndir og hugsjónir sem liggja til grundvallar viðhorfum til umhverfis, auðlinda, menningar, sögu og mannréttinda.

UNICEF

Háaleitisskóli er réttindaskóli UNICEF (e. Child Right Schools), sem er hugmyndafræði og hagnýtt verkefni fyrir skóla- og frístundastarf sem tekur mið af samningi Sameinuðu þjóðanna um réttindi barnsins, Barnasáttmálanum eins og hann er iðulega nefndur, og miðar að því að auka virðingu, vernd og framkvæmd mannréttinda. Skólar, frístundaheimili og félagsmiðstöðvar sem vinna verkefnið leggja sáttmálann til grundvallar í öllu starfi sínu; skipulagningu, stefnumótun og starfsháttum.

Markmið Réttindaskóla er að byggja upp lýðræðislegt umhverfi með því að rækta með markvissum hætti þekkingu, leikni og viðhorf sem hjálpar börnum að verða gagnrýnir, virkir og hæfir þátttakendur í nútímasamfélagi. Með þetta að markmiði eru grunnforsendur Barnasáttmálans útgangspunktur fyrir allar ákvarðanir í skóla- og frístundastarfi auk þess sem þær endurspeglast í samskiptum barna, ungmenna, kennara, frístundaráðgjafa og annars starfsfólks.

Kynbundið og kynferðislegt áreiti og ofbeldi

Forvarnir og fræðsla fer fram í öllum árgöngum og er unnin upp úr skýrslu UNESCO, International technical guidance on sexuality education. Unnið er með áherslur UNESCO á hverju aldursári og farið meira á dýptina eftir því sem nemendur eldast. Áherslur 8. bekkjar eru fjölskyldur – ábyrgð, vinátta, ást og rómantísk sambönd, umburðarlyndi og virðing, fordómar, kynferði og gildi og kynferði.

Réttur barna samkvæmt 12. gr., 28. og 29. gr. S.d. samkvæmt 12. gr. Barnasáttmálans eiga börn rétt á því að láta skoðanir sínar frjáltslega í ljós og það ber að taka réttmætt tillit til þeirra. Fátt hefur meiri áhrif á líf barna en hvernig menntun þeirra er háttað. Börn eiga rétt á því að þau séu höfð með í ráðum við skipulag menntunar og stjórnvöld eiga að veita þeim raunveruleg tækifæri til þess að koma sjónarmiðum sínum á framfæri.

Lýsing á verkefni: Hvað langar nemendum að læra? Hvað vantar í námsefnið? Verkefninu er ætlað að vekja nemandu til umhugsunar um námsefnið og rétt sinn til þess að tjá sig um það og hafa áhrif. Nemendum er skipt upp í 4-5 manna hópa. Hver hópur kemur sér

saman um að velja tvö atriði sem þeim finnst helst vanta í námsáætlunina. Þá velur hver hópur eitt námsfag sem þeim finnst kennt of mikið af og annað sem ekki sé kennt nógu mikið. Að lokum kynnir hver hópur sínar niðurstöður á einfaldan hátt fyrir framan hina. Það eflir sjálfsöryggi og samskipti.

Námsefni

Sjálfsbjargarviðleitni: Gagnrýn hugsun og bjargræði

Á ferð um samfélagið

Styrjaldir og kreppa

Lýðræði og tækni

Frelsi og velferð

Árið 1918

Blessað stríðið

Allir spenntir

Annað námsefni á netinu.

Kennsluaðferðir

Innlögn kennara, lestur, umræður, einstaklings-, para- og hópverkefni.

Námsmat

Einstaklings-, para- og hópverkefni.

Skrifleg verkefni (stílabók)

Ipad verkefni (námsmappa)

Sjálfsmat.

Símat.

Hæfniviðmið – námsþættir

Vinnulag í samfélagsgreinum

- Getur útskýrt, rökrætt og beitt mikilvægum hugtökum samfélagsgreina.
- Getur aflað sér upplýsinga um samfélagsleg og alþjóðleg málefni úr heimildum á fjölbreyttu formi, túlkað og hagnýtt.
- Getur vegið og metið upplýsingar og skoðanir úr heimildum á margvíslegu formi, myndað sér eigin skoðanir og tekið upplýsta afstöðu til málefna.
- Getur spurt fjölbreyttra spurninga og tekið þátt í gagnrýninni umræðu um samfélagsleg og siðferðileg málefni frá mismunandi sjónarhornum.
- Getur sett sig í spor fólks með ólíkan bakgrunn og viðhorf á ýmsum stöðum og tímum.
- Getur miðlað þekkingu, leikni og skoðunum á samfélagslegum og hnattrænum málefnum á fjölbreyttan og skapandi hátt.
- Getur tekið ábyrgan þátt í lýðræðislegu samstarfi og samræðu.

Sjálfsmynd

- Getur útskýrt hvernig sjálfsmynd mótask af menningu, félagslegu umhverfi, aðstæðum og alþjóðlegum áhrifum.
- Getur gert sér grein fyrir þörfum sínum og fjallað um ábyrgð sína á eigin lífi, lífsháttum og heilbrigði.
- Getur þekkt margbreytileika eigin tilfinninga og bent á víxlverkun tilfinninga, hugsunar, hegðunar og samskipta.
- Getur rökstutt mikilvægi eigin jákvæðra lífsviðhorfa, hugarfar vaxtar og seiglu fyrir persónulega farsæld og þroska.

- Getur gert grein fyrir eigin áhugasviðum, styrk og áskorunum og myndað sér raunhæfa framtíðaráætlun á grunni þeirrar sjálfsþekkingar.
- Getur borið virðingu fyrir sjálfum sér og öðrum, sett mörk í samskiptum og virt mörk annarra og útskýrt mikilvægi virðingar.
- Getur fjallað með gagnrýnum hætti um og greint staðalmyndir og fordóma, uppruna þeirra og afleiðingar.
- Getur beitt hugtökum tengdum kynjafræði og útskýrt hvaða hlutverki þau gegna í kyngervi einstaklinga og sjálfsmynd.
- Getur gert grein fyrir hvernig þarfir, langanir og hegðun móta fjárhagslega stöðu einstaklinga og tekið ábyrga afstöðu í eigin fjármálum og neyslu.

Siðferði og trú

- Getur borið saman ólíkan bakgrunn og fjölbreytni fólks, fjallað um og virt mismunandi trú, lífsgildi, skoðanir og siði.
- Getur fengist við og greint viðfangsefni sem snerta trú, lífsviðhorf og siðferði og tengjast spurningum um merkingu og tilgang lífsins.
- Getur túlkað frásagnir, hefðir, kenningar, hátíðir, siði og tákn kristni og annarra helstu trúarbragða heims,
- Getur útskýrt gildi trúarbragða og lífsviðhorfa, borið saman og greint áhrif þeirra á líf einstaklinga, hópa, samfélaga og sögu.

Borgarvitund

- Getur útskýrt hlutverk reglna í samskiptum fólks í fjölskyldu, vinahópi og þjóðfélaginu í heild og tekið þátt í að móta slíkar reglur.
- Getur þekkt almenn ákvæði um mannréttindi, uppruna þeirra og áhrif, hafi Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna að leiðarljósi og geti rökrætt gildi mannréttinda og jafnréttis á öllum sviðum samfélagsins og á heimsvísu.
- Getur greint hvernig hugmyndafræði, þ.m.t. trúarbrögð og stjórnmál, móta samfélagsgerð og tengjast lífi einstaklinga.

- Getur útskýrt uppruna, einkenni og framkvæmd lýðræðis og skoðað hlutverk borgara á gagnrýninn hátt í hnattrænu samhengi.
- Getur útskýrt þróun og uppbyggingu stjórnkerfisins og formleg tengsl Íslands og þátttöku í alþjóðasamfélaginu.
- Getur útskýrt og rökrætt hugmyndir um velferðarsamfélag.
- Getur skilið að skatta- og fjármálaumhverfi og lífskjör í samfélagi eru breytileg og þekkt þætti sem hafa áhrif á þau í alþjóðlegu samhengi.
- Getur bent á, fyrirbyggt og útskýrt rétt viðbrögð við ýmsum hættum í manngerðu umhverfi og náttúrunni.
- Getur áttað sig á nauðsyn þess að sýna ábyrga hegðun í umferðinni vegna öryggis síns og annarra.
- Getur ígrundað eigin getu til aðgerða og beitt sér á ábyrgan hátt fyrir málefnum sem stuðla að betra samfélagi.

Saga

- Getur gert sér grein fyrir hlutverki heimilda, sjónarhorna og gildismats í sögu og sameiginlegum minningum.
- Getur útskýrt og borið saman hlutverk, fjölbreytileika og þróun fjölskyldunnar á mismunandi tímum og menningarsvæðum.
- Getur sýnt fram á skilning á íslensku samfélagi og útskýrt samhengi umhverfis, sögu, menningar, trúar, atvinnulífs og byggðapróunar.
- Getur útskýrt einkenni og stöðu Íslands í heiminum í ljósi legu landsins, sögu og menningu þjóðar.
- Getur sett í samhengi, sýnt fram á þekkingu og gagnrýna sýn á atburðum, tímabilum, tildrögum og gangi mannkynssögunnar.
- Getur útskýrt og metið hvernig sagan hefur mótast af ýmsum þáttum, svo sem umhverfi, hugmyndafræði, þ.m.t. trúarbrögðum viljaverkum og tilviljunum.
- Getur sýnt fram á skilning á sögulegu og hugmyndafræðilegu samhengi atburða sem eiga sér stað í samtímanum á heimsvísu.

Jörðin okkar

- Getur greint, þekkt og fjallað um upplýsingar á kortum, gröfum og annars konar myndum og sett upp kort til að miðla fjölbreyttum upplýsingum.
- Getur greint, þekkt og fjallað um upplýsingar á kortum, gröfum og annars konar myndum og sett upp kort til að miðla fjölbreyttum upplýsingum.
- Getur varpað ljósi á hvers vegna sjálfbær nýting auðlinda er mikilvæg fyrir samfélög og í hnattrænu samhengi,
- Getur varpað ljósi á neyslusamfélag nútímans, ferli hráefna frá öflun til eyðingar og hugmyndum um mikilvægi hringrásarhagkerfis.
- Getur útskýrt áhrif og afleiðingar mannlegra athafna og tækni á loftslag, náttúru og lífsskilyrði alls lífs á jörðinni.
- Getur sýnt fram á skilning á sjálfbærri þróun og þýðingu hennar fyrir umhverfi, samfélag og efnahagslíf og lífsskilyrði alls lífs á jörðinni.
- Getur varpað ljósi á ábyrgð einstaklinga, fyrirtækja, stjórnvalda og alþjóðasamfélags á verndun náttúru og lífsgæða á jörðinni.

Bekkjarnámskrá Sjónlistir- 10. Bekkur

Skólaárið 2025-26



Kennari: Silvia Villaverde Björgvinsdóttir

Tímafjöldi: 2 kennslustundir á viku.

Markmið

Sjónlistir eru í eðli sínu skapandi námsferli. Í sjónlistum öðlast nemendur tækifæri til að læra og tjá sig án orða. Þeir geta unnið á gagnrýninn hátt með málefni daglegs lífs eða með ímyndunaraflíð. Slík reynsla veitir nemendur forsendum til að læra að þekkja sjálfa sig bæði í tengslum við náttúruna og efnisheiminn. Mikilvæg ferli þar sem nemendur finna innri rödd og tá sig í gegnum teikningu, málun, blönduð tækni og skjámiðlum. Nemendur þróa með sér samkennd, umburðarlyndi og gagnrýninn skilning á heiminum. Í umræðum um sjónlistir skapast tækifæri til að þjálfra orðaforða myndlistar. Í sjónlistum er unnið með skynjun, greiningu og túlkun sem veitir nemendum forsendur til að tjá það sem þeir horfa, heyra það sem þau hlusta, finna það sem þeir snerta og skapa út frá reynslunni á persónulegan hátt.

Námsefni

Kveikjur fyrir skapandi skólastarf“, Vigðís Hlíf Sigurðardóttir, (MMS)

Ég sé með Teikningu“, Björg Eiríksdóttir, (MMS).

Annað efni frá kennara og kennslumyndbönd frá upplýsingarmiðlum.

Ísabrot“, Jöklar í Íslenskri Myndlist. Listasafn Íslands.

Pappír og annað efni til myndgerðar.

Kennsluaðferðir

Innlögn kennara, kennari sýnir dæmi /sýnishorn, nemendur fá að kynnst tækni og sögu sjónlistarinnar. Kennari ákveður verkefni og nemendur útfæra það sjálf frá eigin sköpun. Hópvinnu: nemendur vinna saman í hóp, eftir fyrirmælum kennara.

Námsmat

Námsmat verður í formi símats þar sem ekki er aðeins gefið fyrir þau verkefni nemandinn vinnur, heldur virkni, frumkvæði, áhugi, sköpunarkraftur og gangrýnin hugsun nemandans í tímum. Verkefnin metin samkvæmt hæfniviðmiðum Aðalnámskrá.

Hæfniviðmið - Sjónlistir - Aðalnámskrá- námsþættir

Sköpun

- Getur valið á milli mismunandi aðferða við sköpun, prófað sig áfram og unnið hugmyndir í fjölbreytta miðla og tækni.
- Getur greint og beitt fjölbreyttum aðferðum og tækni í eigin sköpun.
- Getur sýnt og útskýrt vinnuferli frá hugmynd að lokaverki sem felur m.a. í sér upplýsingaöflun, tilraunir og samtal.
- Getur skrásett og sett fram hugmyndir á fjölbreyttan hátt byggðar á eigin ímyndunarafli og/eða rannsókn, myndrænt og/eða í texta.

Greining og úrvinnsla

- Getur tjáð skoðanir eða tilfinningar í eigin sköpun með tengingu við eigin reynslu og gagnrýni á samfélagið.
- Getur gagnrýnt af þekkingu, sanngirni og virðingu eigin verk og annarra bæði einn og í samvinnu.
- Getur greint hvernig sjónrænt áreiti daglegs lífs hefur áhrif á líf okkar og gildismat, bæði í samfélaginu og á heimsvísu.
- Getur notað orðaforða og hugtök frumbátta og lögmála myndlistar til að tjá skoðanir sínar á myndlist og hönnun og fært rök fyrir þeim út frá eigin gildismati.

Menning og umhverfi

- Getur greint hvernig samtímalist fæst við álitamálefni daglegs lífs með fjölbreyttum nálgunum sem oft fela í sér samþættingu listgreina.
- Getur gert grein fyrir margvíslegum tilgangi myndlistar og hönnunar og sett hann í fjölbreytt samhengi,

Bekkjarnámskrá Upplýsinga- og tæknimennt – 10. bekkur

Skólaárið 2025-2026



Kennari: Jovana Dedeic

Tímafjöldi: 1 kennslustund á viku

Markmið

- Getur nýtt upplýsingaver sér til gagns og aðstoðar í verkefnavinnu, við nám og sér til ánægju.
- Getur sýnt ábyrgð í meðferð upplýsinga og fara eftir reglum um netnotkun.
- Getur nýtt sér hugbúnað/forrit til að vinna með töluleg gögn, gera ritunarverkefni, við myndvinnslu og til að miðla þekkingu.
- Getur nýtt sér forritun á ýmsan hátt.
- Getur beitt réttri fingrasetningu.

Námsefni

Ritvinnsla, töflureiknir, glærugerð, forritun, sýndarveruleiki og veraldarvefurinn

Kennsluaðferðir

Verkefnavinna.

Námsmat

Mat á verkefnum í ritvinnslu, töflureikni, glærugerð og forritun.

Hæfniviðmið – námsþættir

Upplýsinga- og miðlalæsi

- Getur greint, borið saman og metið á gagnrýninn hátt trúverðugleika og áreiðanleika gagna, upplýsinga og stafræns efnis.

- Getur nýtt leitarvélur, gagna-banka, gervigreind og önnur verkfæri á fjöl-breyttan og siðferði-lega ábyrgan hátt til upp-lýs-inga-öflunar og skilji hvað liggur til grundvallar.
- Getur unnið með fjölbreyttar heimildir og metið áreiðanleika þeirra, virt höfundarétt og almennt siðferði í heimildavinnu og sett fram heimildaskrá samkvæmt viðurkenndum aðferðum.

Sköpun og miðlun

- Getur valið og nýtt hugbúnað við gerð og framsetningu fjölbreyttra og gagn-virkra kynninga.
- Getur valið og nýtt hugbúnað við uppsetningu fjöl-breyttra ritunarverkefna og ritgerða samkvæmt viðmiðum um upp-setningu og frágang.
- Getur valið og nýtt hugbúnað við gagnasöfnun, grein-ingu og framsetningu á tölulegum gögnum.
- Getur valið og nýtt tæki og hugbúnað við vandaða ljósmyndun og kvikmyndagerð.
- Getur valið og nýtt tæki og hugbúnað við fjölbreytta hönnun, myndvinnslu og myndsköpun.
- Getur valið og nýtt tæki og hugbúnað við fjölbreyttar upptökur og hljóð-vinnslu.
- valið og nýtt hugbúnað við fjölbreytta netmiðlun.

Stafræn borgaravitund

- Getur nýtt stafræna tækni til að auka vellíðan og bæta heilsu, fundið jafnvægi í notkun sinni og þekkt margvísleg einkenni og afleiðingar ofnotkunar tölvu og snjalltækja og útskýrt áhrif samfélags-miðla á líf sitt.
- Getur gert sér grein fyrir notkun persónu-upplýsinga og metið tilgang hennar á gagnrýninn hátt og beitt leiðum til að verjast söfnun persónu-upplýsinga.
- Getur gert sér grein fyrir stafrænu fótspori og hvernig það mótast af allri nethegðun.
- Getur þekkt helstu hættur í stafrænu umhverfi og varið sjálfan sig, búnað og gögn við ýmsum ógnum á netinu og getur nýtt stafrænt umhverfi á uppbyggilegan hátt.

- Getur gert grein fyrir helstu siðareglum á netinu og skilið hvernig þær byggja á gagnkvæmri virðingu og beitt leiðum til að vernda sig og aðra fyrir neteinelti, hatusorðræðu og stafrænum átökum.

Lausnaleit

- Getur valið viðeigandi stafrænan stuðning markvisst við nám.
- Getur flokkað, vistað og varðveitt gögn á öruggan hátt.
- Getur nýtt fjölbreyttan og viðeigandi tækjabúnað til menntunar og leyst tæknileg úrlausnarefni.
- Getur nýtt forritun til sköpunar og til að efla rökhugsun og lausnaleit

Bekkjarnámskrá Nýsköpun og tæknimennt – 10. bekkur

Skólaárið 2025- 2026



Kennari: Drífa Hjördís Thorstensen

Tímafjöldi: 2 kennslustund á viku (8-9 skipti yfir skólaárið)

Markmið

Viðfangsefni:

- Vísindi - Hvernig virka hlutirnir? (Hreyfiorka, kraftalögmál, rafeindafræði)
- Tækni - Forritun, vélmenni, 3D
- Verkfræði - Setja saman eftir leiðbeiningum (vísindalæsi)
- Hugvit/Hönnun- Frá endurvinnslu til nýsköpunar

Námsefni

Fjölbreytt.

Kennsluaðferðir

Þekkingaröflun og hugmyndavinna snýr að undirbúningsvinnu og tækniþjálfun. Nemendur við að sér upplýsingum og efni, kanna, rannsaka, prófa, ímynda sér, læra tækni, forma, taka áhættu sem skerpir eigið þor og traust bæði til viðfangsefnisins og eigin hugmynda.

Framkvæmd felur í sér að nemendur beita aðferðum þar sem þeir umbreyta, túlka, flytja, sýna, prófa, forma og framleiða.

Greining felur í sér að nemendur dýpka skilning sinn og upplifun með umræðu, tjáningu og mati. **Samhengi** felur í sér að setja ferlið í sögulegt, menningarlegt, persónulegt og félagslegt samhengi.

Frumkvæði, sköpun, nýsköpun, tækni, hugmyndir og hugvit:

- forritun

- 3D hönnunarverkefni
- líkanasmíði
- fumgerðasmíði
- rafrásir

Æfing - Hugmynd - Hönnun - Framkvæmd

Námsmat

- Þátttaka í tímum
- Nemendur vinna verkefni sem þeir ýmist fá að taka með sér heim og eða vinna á staðnum
- Hæfniviðmið

Hæfniviðmið – námsþættir

Sköpun, hönnun og tækni

- Getur gert grein fyrir áhrifum nýsköpunar á umhverfið sitt, samfélag og jörðina.
- Getur umbreytt stafrænni hönnun í fullunninn hlut með aðstoð tölvustýrðra tækja.
- Getur nýtt sér örtölvur til að stýra aðgerðum.

Menning og umhverfi

- Getur gert grein fyrir hvort og hvernig hægt er að endurnýta ýmsa hluti í anda hringrásarhagkerfis.

Sköpun og miðlun

- Getur valið og nýtt tæki og hugbúnað við vandaða ljósmyndun og kvikmyndagerð.
- Getur valið og nýtt tæki og hugbúnað við fjölbreytta hönnun, myndvinnslu og myndsköpun.
- Getur valið og nýtt tæki og hugbúnað við upptökur og hljóðvinnslu.

Lausnaleit

- Getur nýtt forritun til sköpunar og til að efla rökhugsun og lausnaleit.

Bekkjarnámskrá Sund – 10. bekkur
Skólaárið 2025-2026



Kennari: Hjörtur Fjeldsted

Tímafjöldi: 1 kennslustund á viku

Markmið

Læra allar helstu undaðferðir og geti notað þær til líkamsræktar og ánægju.

Námsefni

Öll helstu áhöld sundlauga, sundfit, flot, kútar og fleira.

Kennsluáðferðir

Kennari leggur fyrir verklegar æfingar fyrir nemendur og útskýrir þær munnlega og/eða með sýnikennslu. Nemendur æfa sig í að synda langsund til að efla þol. Æfingar sem gerðar eru á sundstigsprófum eru æfðar yfir veturinn með endurteknum æfingum.

Námsmat

Frammistöðumat: Virkni nemenda í tímum skráð til bókar.

Verklegt próf, nemendur taka sundpróf og ljúka 10. sundstigi.

Hæfniviðmið – námsþættir

- Getur sýnt leikni í vatni og beitt fjölbreyttum undaðferðum.
- Getur tekið þátt í fjölbreyttum leiðum til að efla eigin heilsu í vatni.
- Geturgert æfingar sem reyna á loftfirrt þol í 25 metra sprettsundi.
- Getur sýnt leikni og synt 50 metra bringusund viðstöðulaust.
- Getur sýnt leikni og synt 50 metra baksund viðstöðulaust.
- Getur sýnt leikni og synt 50 metra skriðsund viðstöðulaust.

- Getur sýnt leikni og synt 15 metra kafsund viðstöðulaust.
- Getur synt björgunarsund með jafningja að lágmarki 25 metra.
- Getur framkvæmt björgun úr vatni og notast við björgunaráhöld.
- Getur troðið marvaða í eina mínútu.
- Getur gert æfingar sem reyna á loftháð þol í 600 metra sundi.

Bekkjarnámskrá Skólaíþróttir – 10. bekkur
Skólaárið 2025-2026



Kennari: Hjörtur Fjeldsted

Tíma fjöldi: 2 kennslustundir

Markmið

Markmið er að halda áfram að örva hreyfifroska nemenda og efla afkastagetu þeirra. Efla félagsþroska nemenda í formi leikja og samvinnu. Kenna þeim ábyrgð á eigin heilsu með því að tileinka sér markvissa ástundun, íþróttar eða líkamns og heilsurækt.

Námsefni

Öll almenn áhöld íþróttahúsa.

Kennsluaðferðir

Námið fer að miklu leyti fram með þrek og styrktaræfingum, þar sem nemendur læra að efla þol og styrk með einföldum en árangursríkum hætti. Auk þess er lögð áhersla á grunnatriðið í flestum íþróttagreinum sem og stöðvarþjálfun og útihlaup.

Námsmat

Virkni, viðhorf, hæfni og hegðun eru matsþættir sem íþróttakennari metur jafnt og þétt yfir skólaárið. Nemandi fær einkunn sem er síðan reiknuð út úr matsþáttum.

Hæfniviðmið – námsþættir

Líkamsvitund, færni og afkastageta

- Getur gert æfingar sem reyna á loftháð og loftfirrt þol í íþróttum.
- Getur sýnt og framkvæmt styrktaræfingar sem bæta líkamsstöðu, kraftúthald og styrk bæði í kyrrstöðu og á hreyfingu.
- Getur gert liðleikaæfingar sem reyna á hreyfivídd og hreyfigetu.
- Getur sýnt útfærslu flókinna hreyfinga þannig að þær renni vel saman.

- Getur gert einfaldar rytmískar æfingar og fylgt takti.
- Getur tekið þátt í hópíþróttum.
- Getur tekið þátt í einstaklingsíþróttum og heilsurækt.
- Getur nýtt sér stöðluð próf í íþróttum til að meta eigið þrek og hreysti, lipurð og samhæfingu.

Félagslegir þættir

- Getur skilið mikilvægi gagnkvæmrar virðingar og góðrar framkomu til að efla liðsandann.
- Getur skilið mikilvægi góðrar ástundunar og sjálfsaga í tengslum við góðan árangur.
- Getur þekkt mismunandi tegundir leikreglna í hóp- og einstaklingsíþróttum.
- Getur farið eftir leikreglum og sýnt háttvísi í leik og hvatt til jákvæðrar framkomu við samherja og mótherja.

Heilsa og heilsuefning

- Getur unnið með og sett sér skammtíma- og langtíamarkmið í íþróttum.
- Getur unnið með og sett sér skammtíma- og langtíamarkmið í heilsurækt og metið árangur.
- Getur nýtt sér niðurstöður úr stöðluðum prófum til að móta eigin þjálfunaráætlun.
- Getur vitað hvaða hlutverk helstu vöðvahópar hafa í tengslum við þjálfun líkamans.
- Getur valið og nýtt sér viðeigandi fatnað og nauðsynlegan búnað sem hæfir valinni útivist.
- Getur skipulagt, tekið þátt og fylgt áætlun um útivist í mismunandi aðstæðum og varast hættur sem fylgt geta.
- Getur sýnt og skilið mikilvægi eigin ábyrgðar á líkamlegu og andlegu heilbrigði og líkamlegu ásigkomulagi.
- Getur sótt og nýtt sér upplýsingar um alhliða heilsurækt sem er í boði utan skóla.
- Getur notað mælingar til að leggja mat á eigin afkastagetu með tilliti til þreks, hreysti, lipurðar og samhæfingar.
- Getur tekið þátt í leikjum af margvíslegu tagi.

Öryggi og hreinlæti

- Getur tekið ákvarðanir á grundvelli öryggis- og umgengnisreglna og brugðist við óvæntum aðstæðum.
- Getur framkvæmt og útskýrt helstu atriði skyndihjálpar, endurlífgunar og björgunar.
- Getur fundið til eigin ábyrgðar á hreinlæti og heilbrigði við alla íþróttaiðkun.

Bekkjarnámskrá Textílmennt – 10. bekkur
Skólaárið 2025-2026



Kennari: Ásta Guðný Ragnarsdóttir

Tíma fjöldi: Tvær kennslustundir á viku í 9-10 skipti

Markmið

Að nemendur geti unnið sjálfstætt að ýmsum verkefnum

Námsefni

Námsefni frá kennara

Kennsluhættir

Bein kennsla og nemendur vinna sjálfstætt eftir fyrirmælum kennara

Námsmat

Mat á frammistöðu í tímum – Frammistaða nemenda ásamt virkni og hegðun í tímum er metin til einkunnar

Hæfniviðmið

Verklag

- Getur beitt fjölbreyttum aðferðum og áhöldum greinarinnar við formun textílafurða.
- Getur rökstutt eigið val á textílefni eftir viðfangs-efni og efnisvali.
- Getur unnið með snið og uppskriftir, tekið mál, áætlað stærðir og efnisþörf.
- Getur beitt viðeigandi vinnu-stellingum og verið meðvitaður um líkams-stöðu sína, þekki hugmyndir og reglur vinnuverndar.

Hönnun og tækni:

- Getur beitt skapandi og gagnrýnni hugsun í hönnun og textílvinnu.
- Getur skreytt textílafurð á skapandi og persónulegan hátt.
- Getur lagt mat á eigin vinnubrögð og hönnun og notað til þess viðeigandi hugtök.
- Getur notað margvíslega miðla til að afla upplýsinga fyrir hugmyndir að verkefnum sem tengjast textíl, hönnun og útfærslu á þeim.
- Getur nýtt hugbúnað og tölvustýrð tæki við hönnun og vinnslu eigin verka í textílvinnu.

Menning og umhverfi:

- Getur þekkt mun á eiginleikum náttúruafna og gerviefna út frá áferð og kolefnisspori.
- Getur /ekkt mun á helstu táknum og merkingum textílefna og nýtt sér í daglegu lífi.
- Getur nýtt endurunnin efni í textílvinnu, gert grein fyrir endurnýtingu og efnisveitum og sett í samhengi við sjálfbærni og umhverfisvernd og hringrásarhagkerfið.
- Getur greint og fjallað um textílvinnu og -verk í samhengi við sögu, samfélag og listir.

Bekkjarnámskrá Heimilisfræði – 10. bekkur
Skólaárið 2025-2026



Kennari: Björk Sverrisdóttir

Tímafjöldi: 2 kennslustundir á viku

Markmið

Að nemandi lesi og skilji uppskriftir, lærir einfaldan kökubakstur og búa til einfalda rétti. Efli eigið öryggi við matreiðslu. Hvaða hlutverk vítamín, steinefni og orkuefni hafa. Nöfn allra fæðuflokkanna í fæðuhringnum og og hversu mikivægt er að borða fjölbreytta fæðu. Geri sér grein fyrir að matvörur innihalda mismunandi næringarefni, hlutverk vítamína, þekkir í sundir fituleysanleg og vatnsleysanleg vítamín. Hlutverk próteina (dýraríki) og kolvetna (jurtaríki) og skiptingu þeirra.

Námsefni

Gott og gagnlegt 2, Gott og gagnlegt 2 vinnubók og efni frá kennara

Kennsluaðferðir

Sýni, verkleg og bókleg kennsla

Námsmat

Símat

Hæfniviðmið – námsþættir

Verklag

- Getur skipulagt og matreitt fjölbreyttar, hollar og vel samsettar máltíðir samkvæmt ráðleggingum um mataræði frá embætti landlæknis.
- Getur beitt helstu matreiðsluaðferðum og notað til þess ýmis mæli- og eldhúsáhöld og borið ábyrgð á viðeigandi frágangi.

- Getur greint frá viðbrögðum við slysum við eldhússtörf.

Lífshættir

- Getur tamið sér heilbrigða lífshætti eins og næringu, hreyfingu og svefn og tengsl þeirra við heilsufar.
- Getur skilið og farið eftir aðalatriðum ráðlegginga um mataræði frá embætti landlæknis.
- Getur tileinkað sér og skilið mikilvægi hreinlætis og þrifa tengdu matreiðslu og eldhúsi.
- Getur greint helstu þætti sem hafa áhrif á útgjöld við heimilishald og sýnt nýtni og hagsýni í anda neytendavitundar og sjálfbærni.

Menning og umhverfi

- Getur sett viðfangsefni heimilisfræðinnar í samhengi við jafnrétti og sjálfbærni og tjáð sig um mismunandi uppruna matvæla.
- Getur skilið og rætt mismunandi umbúðamerkingar, metið gæði matvæla og þekkt helstu geymsluaðferðir.
- Getur sagt frá íslenskri og erlendri matarmenningu og matreitt ýmsa þjóðarrétti.
- Getur flokkað matvæli eftir kolefnisspori og tekið ábyrga afstöðu til eigin neyslu.